

Föstudaginn 30.maí 1986.

Nr. 172/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Helga Magnússyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Heimild til að neyta kosningarréttar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. maí 1986, er barst Hæstarétti sama dag, og krafist þess að sér verði heimilað og gert kleift að greiða atkvæði utan kjörstaðar vegna komandi bæjarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi 31. þ.m.

Af hálfu ákærvalds er dregið í efa að heimild sé til að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar, en verði talið að svo sé er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Telja verður að varnaraðili hafi mátt bera undir sakadóm samkvæmt 3. tl. 70. gr. laga nr. 74/1974 synjun Rannsóknarlögreglu ríkisins á því að honum gæfist kostur á að neyta atkvæðisréttar síns vegna ofangreindra kosninga. Verður honum einnig talið heimilt að kæra synjunarúrskurð sakadóms Reykjavíkur til Hæstaréttar samkvæmt 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, en lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973, sem varnaraðili hefur einnig vitnað til sem kæruheimildar, á hér ekki við.

Það er undirstöðuregla í sambandi við þvingunarráðstafanir vegna rannsókna í opinberu máli að þeim sé hagað á þann veg að sökunaut verði sem minnst óhagræði að. Eigi verður séð að nein vandkvæði geti verið á því að varnaraðila sé gefinn kostur á að neyta atkvæðisréttar síns né að ástæða sé til að ætla að það stofni í hættu markmiði gæsluvarðhaldsins, en það er í þessu máli einungis reist á 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

D ó m s o r ð:

Varnaraðila, Helga Magnússyni, skal gefinn kostur á að neyta atkvæðisréttar síns við bæjarstjórnarkosningar á Seltjarnarnesi 31. þ.m.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 gera ráð fyrir því að gæsluvarðhaldi sé beitt við rannsókn opinberra mála. Nánari reglur um framkvæmd gæsluvarðhalds eru í 70 gr. laga nr. 74/1974.

Ég tel að það samrýmist ekki lagaákvæðum um gæsluvarðhald að heimila varnaraðila að greiða atkvæði utan kjörfundar í bæjarstjórnarkosningum á Seltjarnarnesi þann 31. þessa mánaðar.

Samkvæmt þessu tel ég að staðfesta beri hinn kærða úrskurð.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 29. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Sakadómi Reykjavíkur hefur borist beiðni frá Helga Magnússyni, f. 14. janúar 1949, til heimilis að Vesturströnd 23, Seltjarnarnesi, sem úrskurður var í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 21. maí sl. til miðvikudagsins 25. júní nk. kl. 17:00, þess efnis að kærða verði heimilað að greiða atkvæði utan kjörstaðar vegna komandi bæjarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi 31. maí nk.

Þessari beiðni var fyrst komið til RLR með bréfi dagsettu 26. maí 1986.

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins neitaði að verða við henni með bréfi dagsettu 27. maí sl., með vísan til þess að hún samrýmdist eigi ákvæðum laga nr. 74, 1974 um gæsluvarðhald, einkum 70. gr. laga nr. 74, 1974.

Í greinargerð réttargæslumanns kærða, Ólafs Gústafssonar hrl., kemur fram að 70. gr. laga nr. 74, 1974 sé eigi tæmandi varðandi réttindi gæsluvarðhaldsfranga og takmarkanir er þeir verði að sæta. Vísad er í greinargerð ofanefnds til 62. gr. laga nr. 52, 1969 varðandi þá er gera ráð fyrir að vera utan kaupstaðar þar sem þeir eru á kjörskrá á kjördag, um heimild þeirra til að greiða atkvæði utan kjörfundar, og bendir lögmaðurinn þar á aðstæður kærða.

Réttargæslumaðurinn reifar í greinargerð að markmið gæsluvarðhalds sé eigi að koma í veg fyrir að einstaklingurinn fái notið borgaralegra réttinda

s.s. kosningaréttar og vísar þar til 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33, 1944.

Gæsluvarðhald er þvingunaraðgerð sem beitt er í þágu rannsóknar opinbers máls að uppfylltum tilteknum lagaskilyrðum og hefur óhjákvæmilega í för með sér skerðingu persónuréttinda. Gæsluvarðhaldskrafa kemur fram af hálfu RLR. RLR hefur fyrir og eftir að dómari hefur tekið afstöðu til kröfu um gæsluvarðhald forræði rannsóknarinnar þar á meðal mat á mikilvægi einangrunar, en gæsluvarðhaldsfangar geta krafist úrskurðar dómara um ákvarðanir RLR.

Máli því, er kærði sætir gæsluvarðhaldi út af, tengjast margir aðilar. Rannsókn máls þessa er á viðkvæmu stigi og því nauðsynlegt að tryggja rannsóknarhagsmuni. Verulegir hagsmunir eru því fyrir hendi á að einangrunar sé gætt og flutningur kærða á kjörstað þykir því eigi samræmast tilgangi gæsluvarðhalds kærða.

Með vísan til þess sem hér að framan hefur verið rakið þykir eigi rétt að verða við kröfu Helga Magnússonar um greiðslu atkvæðis utan kjörfundar í bæjarstjórnarkosningum á Seltjarnarnesi þann 31. maí nk.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Helga Magnússyni, er óheimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar í bæjarstjórnarkosningum á Seltjarnarnesi þann 31. maí næstkomandi.
